

II.

Hafi maður verið á atvinnuleysisbótum 1. júlí 1994 og samfelld síðan getur bótatímabil hans að hámarki varað til 1. júlí 1999. Nú hefst bótatímabil eftir 1. júlí 1994 og viðkomandi hefur verið samfelld á atvinnuleysisbótum fram að gildistöku laga þessara og getur þá bótatímabil að hámarki orðið fimm ár.

III.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga þessara tekur gildi 1. janúar 1998.

IV.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal heimilt á árinu 1997 að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

Gjört í Reykjavík, 13. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG**um vinnumarkaðsaðgerðir.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Almenn ákvæði.****1. gr.**

Markmið þessara laga er að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu.

2. gr.

Vinnumarkaðsaðgerðir eru samkvæmt lögum þessum aðgerðir sem eru gerðar að tilhlutan hins opinbera til þess að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu og sjá atvinnulífinu fyrir hæfu starfsfólki.

II. KAFLI**Vinumálastofnun.****3. gr.**

Vinumálastofnun, sem heyrir undir félagsmálaráðherra, fer með yfirstjórn vinnumiðunar í landinu.

Ráðherra skipar forstjóra Vinnumálastofnunar til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar.

Forstjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar.

4. gr.

Verkefni Vinnumálastofnunar eru:

- a. Að hafa eftirlit með svæðisvinnumiðlunum og samræma starfsemi þeirra.
- b. Að veita starfsfólki svæðisvinnumiðlana faglega aðstoð og fræðslu.
- c. Að afla upplýsinga frá svæðisvinnumiðlunum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur.
- d. Að vinna úr upplýsingum frá svæðisvinnumiðlunum og koma niðurstöðum, ábendingum og tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir á framfæri við stjórn stofnunarinnar.
- e. Að fylgjast með þróun erlendis í vinnumarkaðsmálum og miðla upplýsingum um hana til hlutaðeigandi aðila.
- f. Að miðla í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar upplýsingum um vinnumarkaðsmál hér á landi til erlendra aðila.

Ráðherra getur með reglugerð falið stofnuninni fleiri verkefni en kveðið er á um í 1. mgr.

III. KAFLI

Stjórn Vinnumálastofnunar.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn.

Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið, Samband íslenskra sveitarfélaga og stjórn Atvinnuleysis-tryggingasjóðs tilnefna einn aðalmann og einn varamann hvert í stjórnina.

Ráðherra skipar án tilnefningar tvo aðalmenn í stjórnina, formann og varaformann, svo og varamenn þeirra.

Láti stjórnarmaður af störfum áður en fjögurra ára tímabilið rennur út skal nýr aðili einungis skipaður til loka tímabilsins.

Forstjóri Vinnumálastofnunar skal sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

6. gr.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal funda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Stjórnin skal reglulega halda samráðsfundi með fulltrúum aðila sem eiga sérhagsmuna að gæta á vinnumarkaðinum og ekki eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Enn fremur skulu haldnir reglulegir samráðsfundir með aðilum sem hafa yfir að ráða sérþekkingu á vinnumarkaðinum.

7. gr.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal fylgjast með þróun vinnumarkaðarins á hverjum tíma og gera tillögur til félagsmálaráðherra um vinnumarkaðsaðgerðir.

Stjórnin skal vera umsagnaraðili um lagafrumvörp og stjórnvaldsreglur sem snerta vinnumarkaðinn.

Stjórnin skal árlega, eða oftast eftir því sem tilefni er til, gefa ráðherra skýrslu um þróun vinnumarkaðarins og árangur vinnumarkaðsaðgerða. Ráðherra skal á grundvelli skýrslna stjórnarinnar gera Alþingi árlega grein fyrir þróun mála á vinnumarkaðinum.

Stjórnin hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir forstjóra Vinnumálastofnunar skulu lagðar fyrir stjórnina til samþykktar áður en þær eru lagðar fyrir félagsmálaráðherra.

IV. KAFLI Svæðisvinnumiðlanir.

8. gr.

Landið er eitt vinnusvæði en svæðisvinnumiðlanir starfa á ákveðnum svæðum. Félagsmálaráðherra ákveður umdæmi þeirra og staðsetningu að fengnum tillögum stjórnar Vinnu-
málastofnunar. Staðarval skal miðast við að sem flestir íbúar umdæmisins eigi greiðan að-
gang að þjónustu svæðisvinnumiðlunar. Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar ákvarðar nánara
fyrirkomulag skráningar atvinnulausra innan svæðis.

Vinnu-
málastofnun er heimilt, að fenginni umsögn svæðisráðs og stjórnar Atvinnuleysis-
tryggingasjóðs, að semja við sveitarfélög eða aðra aðila um að annast verkefni svæðisvinnu-
miðlunar, sbr. 10. gr. Slíkir samningar skulu staðfestir af félagsmálaráðherra.

9. gr.

Forstjóri Vinnu-
málastofnunar ræður forstöðumann svæðisvinnumiðlunar að fenginni
umsögn svæðisráðs.

Forstöðumaður annast daglega stjórn svæðisvinnumiðlunar í samræmi við starfsáætlun
samþykkt af svæðisráði.

10. gr.

Verkefni svæðisvinnumiðlunar eru:

- a. Að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við að útvega hæft
starfsfólk.
- b. Að taka saman og miðla upplýsingum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur
til svæðisráðs og Vinnu-
málastofnunar.
- c. Að veita upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun.
- d. Að miðla upplýsingum um laus störf og umsóknum um störf til annarra svæðisvinnu-
miðlana.
- e. Að sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða
starfsþjálfun, sem miðast við þarfir og aðstæður hvers og eins og hafa það að markmiði
að auka starfsgetu og starfsmöguleika hins atvinnulausa.
- f. Að annast skráningu atvinnulausra, gefa út vottorð um atvinnuleysi og miðla upplýs-
ingum og gögnum til úthlutunarnefnda.
- g. Að hafa eftirlit með því að umsækjendur um atvinnuleysisbætur fullnægi skilyrðum
laga um atvinnuleysistryggingar og tilkynna úthlutunarnefnd ef rökstudd ástæða er til
þess að ætla að svo sé ekki.

Stjórn Vinnu-
málastofnunar og svæðisráð geta falið svæðisvinnumiðlunum fleiri verkefni
en kveðið er á um í 1. mgr.

V. KAFLI Svæðisráð.

11. gr.

Félagsmálaráðherra skipar á hverju svæði, að afloknum reglubundnum sveitarstjórnar-
kosningum, níu manna ráðgjafarnefnd svæðisvinnumiðlunar sem í lögum þessum er nefnd
svæðisráð.

Svæðisráð skal skipað þremur fulltrúum tilnefndum af samtökum vinnuveitenda og
þremur fulltrúum tilnefndum af samtökum launþega á svæðinu. Tveir fulltrúar skulu til-
nefndir af sveitarfélögum og einn af framhaldsskólum á svæðinu. Varamenn skulu tilnefndir
á sama hátt. Náist ekki samkomulag um tilnefningu úrskurðar ráðherra um hver skuli til-

nefna fulltrúa í ráðið með hliðsjón af því hversu fjölmenn viðkomandi samtök eða sveitarfélög eru á svæðinu og að fenginni umsögn viðkomandi heildarsamtaka. Ráðherra skipar formann og varaformann svæðisráðs úr hópi þeirra sem tilnefndir hafa verið sem aðalmenn.

Forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar skal sitja fundi svæðisráðs með málfrelsi og tilögurétti.

Svæðisráði er heimilt að skipa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð til að fara með verkefni svæðisráðs eftir nánara umboði ráðsins.

12. gr.

Svæðisráð skal funda að jafnaði einu sinni í mánuði.

13. gr.

Svæðisráð skal fylgjast með framvindu atvinnumála á svæðinu og gera tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir. Tillögum sínum skal ráðið beina til stjórnar Vinnumálastofnunar, sveitarfélaga, atvinnuráðgjafa, félagasamtaka og fyrirtækja á svæðinu eftir því sem við á.

Svæðisráð skal aðstoða svæðisvinnumiðlun við að hrinda í framkvæmd úrræðum fyrir atvinnulausa, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr., m.a. með því að fá þá aðila, sem tilgreindir eru í 1. mgr., til samstarfs um slík úrræði.

Svæðisráð skal árlega, og oftár eftir því sem tilefni er til, gefa stjórn Vinnumálastofnunar skýrslu um atvinnuástand og árangur vinnumarkaðsaðgerða á svæðinu.

VI. KAFLI

Réttindi og skyldur þeirra sem leita eftir atvinnu og atvinnurekenda sem leita eftir vinnuafli.

14. gr.

Svæðisvinnumiðlun er skylt að aðstoða alla þá sem hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi við atvinnuleit og val á starfsnámi. Henni er enn fremur skylt að aðstoða atvinnurekendur sem leita eftir almennum upplýsingum um framboð á vinnuafli eða aðstoð við ráðningu starfsfólks. Þjónusta svæðisvinnumiðlunar skal miðast við þarfir hvers og eins.

Svæðisvinnumiðlun getur synjað þeim um þjónustu sem ítrekað hefur hafnað úrræðum svæðisvinnumiðlunar um aðstoð eða ekki sinnt skyldum sínum gagnvart henni.

15. gr.

Svæðisvinnumiðlun skal með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda gera starfsleitaráætlun innan tíu vikna frá skráningu. Sé starfsleitaráætlun gerð skulu þar koma fram hugmyndir atvinnuleitanda og fulltrúa svæðisvinnumiðlunar um atvinnumöguleika viðkomandi og hvaða tilboð og aðstoð vinnumiðlun getur veitt, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga þessara. Áætlunin skal miðast við persónulegar forsendur atvinnuleitandans og atvinnuhorfur í landinu. Énn fremur skulu svæðisvinnumiðlun og hinn atvinnulausi semja um hvernig háttáð skuli sambandi þeirra og eftirliti fulltrúa vinnumiðlunar meðan atvinnuleysi viðkomandi varir.

Ef ágreiningur rís vegna samkomulags um starfsleitaráætlun eða um hvort starfsleitaráætlun skuli gerð getur hvor aðili fyrir sig vísað honum til úthlutunarnefndar, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar.

16. gr.

Sá sem er atvinnulaus en á ekki rétt á atvinnuleysisbótum eða sætir missi bóta skal eiga rétt á aðstoð svæðisvinnumiðlunar við að kanna rétt sinn til annarrar aðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi.

17. gr.

Þjónusta svæðisvinnumiðlana skal vera þeim sem leita eftir atvinnu og atvinnurekendum að kostnaðarlausu.

18. gr.

Allar upplýsingar, sem svæðisvinnumiðlun fær í starfi sínu, hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingar veitir að öðru leyti en því sem snertir bein tengsl við miðlun vinnu og starfsráðningar.

Stjórn Vinnumálastofnunar setur nánari reglur um meðferð upplýsinga varðandi þá sem leita eftir aðstoð svæðisvinnumiðlunar. Reglur þessar skulu staðfestar af ráðherra.

19. gr.

Atvinnuleitanda er skylt að tilkynna svæðisvinnumiðlun sem hann hefur leitað til ef hann er ráðinn til starfa. Atvinnurekanda er á sama hátt skylt að tilkynna svæðisvinnumiðlun ef einhver þeirra atvinnuleitenda, sem hún hefur vísað á, er ráðinn til starfa.

20. gr.

Ákvörðun svæðisvinnumiðlunar er unnt að skjóta til stjórnar Vinnumálastofnunar eftir að svæðisráð hefur fjallað um málið.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Fyrirtækjum, einstaklingum og félagasamtökum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda. Mál vegna brota á þessu skulu varða sektum sem renna skulu í ríkissjóð. Um málsmeðferð fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

22. gr.

Kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana greiðist af ríkinu.

23. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um störf Vinnumálastofnunar og stjórnar hennar og svæðisvinnumiðlana og svæðisráða.

24. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla úr gildi lög um vinnumiðlun, nr. 18/1985, með síðari breytingum, og IX. kafla laga um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal skipa svæðisráð, sbr. 11. gr. laga þessara, sem starfa skulu þar til skipuð hafa verið ný svæðisráð að afloknum næstu reglulegu sveitarstjórnarkosningum.

II.

Ákvæði laga þessara hagma ekki samþykktum reynslusveitarfélaga um framkvæmd vinnumiðlunar. Ákvæði þetta gildir til 31. desember 1999.

Gjört í Reykjavík, 13. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

**um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna,
nr. 19 6. apríl 1966, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsliður 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 133/1993, orðast svo: Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt, þjónustustarfsemi eða fjármagnsflutninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál,
nr. 41/1992, með síðari breytingu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.